

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 279/2009

2010/EES/21/07

frá 6. apríl 2009

um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi ⁽¹⁾, einkum ii. lið c-liðar 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Slóvakía hefur lagt fram rökstudda beiðni um breytingu á II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB. Hún hefur lagt fram beiðni um að starfsheitinu tannfræðingur (zubný technik), sem fullnægir skilyrðunum sem kveðið er á um í ii. lið c-liðar 11. gr. tilskipunar 2005/36/EB, verði bætt við, eins og fram kemur í reglugerð ríkisstjórnarinnar 742/2004 Coll. um menntun og hæfi fagfólks í heilbrigðisþjónustu.
- 2) Danmörk hefur lagt fram rökstudda beiðni um breytingu á II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB. Hún hefur lagt fram beiðni um að starfsheitið sjóntækjafræðingur (optometrist) verði fjarlægð úr II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB en því námi lýkur nú með prófgráðu eins og kveðið er á um í d-lið 11. gr. tilskipunar 2005/36/EB og

fullnægir því ekki lengur skilyrðunum sem kveðið er á um í ii. lið c-liðar 11. gr. þeirrar tilskipunar. Danmörk hefur einnig lagt fram beiðni um að starfsheitin stoðtækjasmíður (ortopædimekaniker) og bæklunarskósmíður (ortopædiskomager), sem eru ekki lengur lögvernduð í Danmörku, verði fjarlægð úr II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB.

- 3) Því ber að breyta tilskipun 2005/36/EB til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB er breytt eins og segir í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. apríl 2009

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 93, 7.4.2009, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2009 frá 25. september 2009 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 19.11.2009, bls. 1.

(¹) Stjtið. ESB L 255, 17.3.2005, bls. 22.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 1. lið í þættinum „í Slóvakíu“:

- "— tannfræðinga (zubný technik),

sem felur í sér a.m.k. 14 ára nám alls sem samanstendur af átta eða níu ára grunnskólanámi, fjögurra ára námi á framhaldsskólastigi og að því loknu tveggja ára námi í skóla á heilbrigðissviði sem lýkur með fræðilegu og verklegu prófi (maturitné vysvedenie)."

2. Færslurnar í 2. lið í þættinum „í Danmörku“ og færslurnar um Danmörku eru felldar brott.
-